



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Dómsmálaráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. maí 2023

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) telur að síðari hluti 1. mgr. 1. gr. í drögum rúmist ekki innan reglugerðarheimildar 4. mgr. 36. gr. laga nr. 80/2016 (útl.). Að mati skrifstofunnar mun umrædd breyting undanskilja þau tengsl sem mynda rétt til fjölskyldusameiningar skv. VIII. kafla laga um útlendinga frá þeim tengslum sem teljast til sérstakra tengsla skv. 1. málsl. 2. mgr. 36. gr. útl. Með því er gengið lengra en heimilt er í að afmarka þann hóp sem ákvæðið tekur til. Í skýringum við 36. gr. útl. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 540/2016 kemur fram að sérstök tengsl kunni að eiga við í tilfellum útlendinga sem eiga ættinga á Íslandi en ekki í því landi sem þeir yrðu sendir aftur til. Verður því vart haldið fram að vilji löggjafans hafi verið að undanskilja þar nánustu aðstandendur umsækjanda. Með hliðsjón af því að umrædd breyting er til þess fallin að þrengja hugtakið „sérstök tengsl“ umfram það sem leiðir af almennum málskilningi og takmarka þar með rétt þeirra sem kunna að byggja á ákvæðinu telur skrifstofan að með breytingunni sé gengið lengra en löggin leyfa.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Ólöf Embla Hjólfsdóttir  
lögfræðingur